

Samstarfssamningur milli Tollstjóra og safnaráðs

Tilgangur yfirlýsingar

Tilgangur þessa samstarfssamnings er að efla og styrkja samstarf Tollstjóra og safnaráðs varðandi eftirlit með innflutningi og útflutningi á menningarverðmætum, sbr. ákvæði laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Í fyrrgreindum lögum segir að tollyfirvöld skuli tafarlaust tilkynna safnaráði um menningarmínjar, sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögmetan útflutning.

Tollyfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og stofnunum er í tollalögum lögð sú skylda á herðar, að hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni, sem tengjast tollheimtu og tolleftirliti, svo sem upplýsingagjöf og forvarnir. Samstarfsyfirlýsing þessi er nánari útfærsla á áðurnefndum lagalegum skyldum Tollstjóra og safnaráðs.

Miðlun upplýsinga

Tollstjóri og safnaráð skulu tryggja nauðsynlegt samráð milli stofnana og skiptast á upplýsingum, sem geta skipt starfsemi viðkomandi stofnunar máli. Með þessu er m.a. átt við upplýsingar er nýst gætu tollgæslu við að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning eða útflutning á menningarmínjum.

Samstarf á vettvangi og sameiginleg eftirlitsverkefni

Ef upp koma þær aðstæður á vettvangi að aðstoðar er þörf, skulu samstarfsaðilar veita hvor öðrum nauðsynlega aðstoð eftir því sem unnt er hverju sinni.

Tollstjóri og safnaráð geta ákveðið sameiginleg eftirlitsverkefni í þeim tilvikum er búnaður eða sérþekking beggja aðila getur leitt til aukins árangurs eða verkefniin liggja saman að öðru leyti.

Safnaráð skal reglulega senda tollyfirvöldum uppfærða lista yfir þau tollskrárnúmer, sem Safnaráð álitur að tollyfirvöld fylgist sérstaklega með innflutningi á. Slíkt eftirlit færi fram með rafrænum hætti í tollakerfi og með úrtaksleit í vörusendingum og í farangri ferðamanna og farmanna. Ef þörf er á skal Tollstjóri veita safnaráði aðstoð við tollflokkun.

Kostnaður vegna mála á grundvelli þessarar samstarfsyfirlýsingar

Kostnaður vegna mála er upp koma vegna samstarfs Tollstjóra og safnaráðs skiptist þannig að embætti tollstjóra ber kostnað af hefðbundnu tolleftirliti og tollafgreiðslu er tengist inn- og útflutningi menningarmínja. Óski Tollstjóri eftir aðstoð safnaráðs eða aðila á vegum þess, vegna sérþekkingar á tilteknum málum er tengjast inn- eða útflutningi menningarmínja, og safnaráð ákveður að fara á vettvang eða taka hluti til skoðunar, skal slík aðstoð safnaráðs vera Tollstjóra að kostnaðarlausu. Safnaráði ber að tryggja að munir séu ekki afhentir eigendum fyrr en staðin hafa verið skil á lögboðnum aðflutningsgjöldum, sbr. ákvæði tollalaga þar um.

Námskeið og þjálfun

Tollstjóri og safnaráð halda sameiginleg námskeið er auka eiga færni tollvarða til að stöðva ólöglegan inn- og útflutning menningarmínja, m.a. fyrir Tollskóla ríkisins. Á námskeiðunum skal tollvörðum gert mikilvægi þessa málaflokks ljóst, t.d. hvað varðar varðveislu menningarsögu íslensku þjóðarinnar sem og hvernig vörður verði staðinn um menningarsögulegar mínjar landsins og skil á menningarverðmætum til annarra landa tryggð.

TH
SO

Kæruleiðir

Ákvörðun safnaráðs um synjun útflutnings, á grundvelli laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa, má skjóta til mennta- og menningamálaráðuneytis, í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Gildistaka

Samstarfssamningurinn öðlast gildi við undirritun.

Reykjavík, 6. júlí 2011.



Snorri Olsen tollstjóri



Margrét Hallgrímsdóttir
f. h. safnaráðs

Viðaukar

Samningnum fylgi einn viðauki, þar sem tengiliðir beggja stofnana komi fram. Viðaukinn skal uppfærður eftir þörfum.